

REGLUR

um breytingar á reglum, nr. 450/2007, um Nýsköpunarsjóð námsmanna, með síðari breytingum.

1. gr.

2. gr. reglnanna orðast svo:

Nýsköpunarsjóður er í vörslu sjóðstjórnar sem skipuð er af mennta- og menningarmálaráðherra til þriggja ára í senn. Stjórnin skal skipuð eftirtöldum fimm einstaklingum: Einum fulltrúa tilnefndum af Landssamtökum íslenskra stúdenta, einum fulltrúa tilnefndum af vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs, einum fulltrúa tilnefndum af Samtökum iðnaðarins, einum fulltrúa tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einum fulltrúa sem skipaður er án tilnefningar og er hann formaður. Sömu aðilar tilnefna varamenn í stjórn.

2. gr.

Í stað „menntamálaráðuneyti“ í 8. gr. reglnanna kemur: mennta- og menningarmálaráðuneyti.

3. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 11. október 2016.

Illugi Gunnarsson.

Ásta Magnúsdóttir.